

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, mánudaginn 4. maí 2026 í safnaðarsal Grensáskirkju í Reykjavík.

Góð mæting var á fundinn, alls 53 konur. Enginn fundur var í aprílmánuði þar sem fyrsti mánudagur mánaðarsins féll á 2. í páskum.

Jóna Svandís Þorvaldsdóttir söngkona og Valur Þór Hjálmarsson tónlistarmaður fluttu nokkur lög við góðar undirtektir.

Tvær félagskonur áttu afmæli á milli funda, þær Björg S. Blöndal sem var 80 ára 18. apríl síðastliðinn og Fanney S. Jóhannsdóttir sem var 70 ára 6. apríl síðastliðinn. Fanney var fjarstödd en Björg var mætt og tók á móti afmælisglaðningi frá félaginu í tilefni merkisafmælisins úr höndum formannsins. Fanney fær sinn afmælisglaðning við fyrsta tækifæri.

Jónhildur Friðriksdóttir verður 90 ára 25. maí, þegar félagið verður komið í sumarfrí. Hún mætti ekki til fundar en fær afmælisglaðning sendan heim við fyrsta tækifæri. Jónhildur bætist þar með í hóp þeirra félagskvenna sem ekki þurfa að greiða félagsgjöld en það eru félagskonur sem náð hafa 90 ára aldri.

Var öllum ofangreindum óskað innilega til hamingju með stórafmælin og fengu þær hlýtt lófatak frá viðstöddum.

Elín Óskarsdóttir flutti tvær skemmtilegar minningar úr sínu lífi, sem margir í salnum tengdu vel við. Hlaut frásögn hennar góðar viðtökur.

Að lokum var hið árlega spilabingó keyrt af krafti af þeim Oddnýju Völu formanni og Jónínu Dagmar stjórnarkonu. Fjölmargin og fjölbreyttir vinningar voru í boði. Var hamagangur á Hóli og eins og alltaf þá kom í ljós að sumir eru heppnari en aðrir í salnum!

Formaður færði öllum gefendum vinninga innilegar þakkir fyrir framlag þeirra til bingósins, sem er ein helsta tekjulind félagsins.

Formaður ræddi tvær fjársafnanir sem í gangi eru vegna alvarlegra veikinda og aðstæðna hjá tveimur ungum fjölskyldum. Önnur fjölskyldan er búsett á Héraði og hin tengist til Breiðdalsvíkur. Báðar fjölskyldurnar eiga tengsl inn í félagið. Stjórnin mun birta reikningsnúmer safnananna inni á Fésbókarsíðu félagsins, ef einhver sér sér þess fært að leggja til þeirra fé.

Formaður minnti á dagsetningu fyrsta fundar haustsins, eftir sumarhlé, en hann verður mánudaginn 7. september nk. Einnig tilkynnti hún ákvörðun stjórnar um að fara árlega dagsferð félagsins laugardaginn 19. september austur fyrir fjall. Hún sagði dagskrá ferðarinnar í vinnslu en nánari upplýsingar yrðu birtar þegar nær dregur. Gert er ráð fyrir því, líkt og áður, að lagt yrði af stað um tíuleytið úr bænum og komið heim upp úr kl. 17.

Að lokum óskaði formaður öllum góðs sumars og þakkaði fyrir frábæra samleið þennan veturinn.

Fleira ekki tekið fyrir og formlegri fundardagskrá slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.